

Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum (grænbók)

Alls bárust 11 umsagnir um grænbókina. Í flestum umsögnum kom fram ánægja með þá vinnu sem farin er af stað við endurskoðun stefnu um úrgangsforvarnir á Íslandi. Ítrekaður var vilji umsagnaraðila til að taka þátt í þeirri vinnu. Hins vegar var bent á margt sem betur má fara í grænbókinni og verða þær ábendingar nýttar í áframhaldandi vinnu og við mótun nýrrar stefnu í málaflokknum. Uppfærða grænbók má finna [hér](#).

Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum var birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 13.12.2024 og var til umsagnar til 13.1.2025. (Mál nr. S-241/2024)

10 umsagnir bárust fyrir skilafrest, en að auki var tekið á móti einni umsögn eftir að honum lauk.

Umsagnir urðu því samtals 11, frá þessum aðilum:

- **Yvonne Höller**
- **Endurvinnslan hf.**
- **Fjórðungssamband Vestfirðinga**
- **Samtök álframleiðenda á Íslandi**
- **Samband íslenskra sveitarfélaga**
- **Úrvinnslusjóður**
- **Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu**
- **Samtök fyrirtækja í landbúnaði**
- **Samtök iðnaðarins**
- **Bændasamtök Íslands**
- **Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur**

Hér að neðan má sjá samantekt á helstu ábendingum úr innsendum umsögnum

Yvonne Höller benti á að gögn frá úrgangsmeðhöndlunaraðilum séu oft á tíðum ekki rétt. Skoða þarf rekstraráætlanir opinberra stofnana m.t.t. áhrifa innkaupa á úrgangsforvarnir. Leggur til regluverk um lágmarksnotkunartíma raftækja, t.a.m. hjá opinberum stofnunum, ásamt hönnunarkröfum á framleiðendur slíkra tækja, t.d. varðandi endingartíma þeirra. Leggur einnig til regluverk sem tæklar auglýsingar á óþarfa neyslu þar sem vitundarvakningarherferðir virðast ekki virka. Að lokum bendir hún á að koma þurfi fræðslu um matarsóun inn í aðalnámskrá og sér í lagi heimilisfræði.

Endurvinnslan hf. telja núverandi árangursvísi fyrir drykkjarvöruumbúðir óraunhæfan, of lág tala. Mætti jafnvel frekar horfa til þyngdar í stað magns eða nota kolefnisspor. Eftirspurn eftir minni umbúðum eykst stöðugt en umbúðir eru líka að verða léttari. Ál orðið algengt. Allt ál og gler sem skilað er til endurvinnslu er endurunnið í aðrar flöskur/dósir. Allt plast frá þeim endurunnið. Framleiðendur farnir að nota endurunnið plast í vörur sínar í miklum mæli, um 70% plastflaskna eru úr endurunnu plasti (hlutfall endurunnins efnis frá 30-100%). Benda að skoða eigi að setja upp hvatakerfi til að hvetja framleiðendur til að hætta að nota umbúðir úr mörgum efnisflokkum. Í drykkjarumbúðum mætti benda á t.d. skvísur sem ekki er hægt að endurvinna né endurnýta öðruvísi en til brennslu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga benda á að í stöðumatinu skortir að gera grein fyrir þeim erfiðleikum sem smærri sveitarfélög standa frammi fyrir í úrgangsforvörnum, vegna fólksfæðar og dreifðra byggða, skorti á þjónustu og langra flutningaleiða. Þannig verða ýmis úrgangsforvarnamál erfiðari og stærri á landsbyggðinni t.a.m. fellur meira til af umbúðum í samfélagi þar sem helst er verslað á netinu, viðgerðarþjónusta af ýmsu tagi er ekki aðgengileg og endurnýting og endurvinnsla er dýr vegna langra flutningaleiða. Leggja til að tekið sé til skoðunar jöfnun aðstöðumunar sveitarfélaga í málaflokknum. Benda að endingu á ósamræmi í gögnum um meðhöndlun og magn úrgangs sem þarf að bæta úr.

Samtök álframleiðenda á Íslandi segja álframleiðendur taka heilshugar undir alla viðleitni til þess að draga úr sóun sem og minnka almenna neyslu. Hér á landi hafa orðið til nýsköpunarfyrirtæki sem hafa þróað lausnir til að auka endurvinnslu álbrota og nýta það efni betur sem til fellur í framleiðslunni og er stefnt að 100% endurvinnslu alls efnis sem fellur til innan álveranna. Samtökin taka til umfjöllunar tillögu að aðgerð sem rædd var á opnum fundi í Iðnó í Reykjavík og snýr að því að laða hingað fyrirtæki sem endurvinnna ál og/eða aðrar málmafurðir í stað þess að frumframleiða ál (bls. 23). Að þeirra mati þykir tillagan róttæk, ógerleg og í hróplegu ósamræmi við hagsmuni Íslands. Eftirspurn eftir áli eykst ár frá ári og einungis broti af henni sé hægt að mæta með endurvinnslu áls. Hér á landi liggi sérhæfing og samkeppnisforskot Íslendinga í frumframleiðslu áls og bent er á að flytja þyrfti inn gífurlegt magn áls til endurvinnslu, sem alla jafna á sér stað nálægt þeim stöðum sem álið fellur til, sem sé ekki á Íslandi. Þá benda samtökin á að koma megi skýrar fram hverjir aðilar samráðs hafa verið um land allt.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur grænbókina draga ágætlega fram þær áskoranir sem ríki og sveitarfélög standa frammi fyrir í úrgangsforvörnum og tekur undir þá framtíðarsýn og lykilviðfangsefni sem þar eru sett fram. Bent er á að úrgangsforvarnir eru mjög mikilvægar sveitarfélögunum til þess að minnka kostnað við meðhöndlun úrgangs, að aðstæður sveitarfélaga eru um margt ólíkar og mismunandi leiðir í úrgangsforvörnum geta nýst sveitarfélögum mis vel og að eftirlit sé stundað með uppbyggilegum og hvetjandi hætti. Að lokum bendir Sambandið á mikilvægi þess að aðgerðir séu kostnaðarmetnar og fjármögnun þeirra tryggð.

Úrvinnslusjóður leggur fram nokkrar ábendingar um efni grænbókar. Í umfjöllun um úrvinnslugjald þarf að bæta við að gjaldinu er einnig ætlað að standa undir greiðslum til að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun fyrir rafhlöðu- og raf- og rafeindatækjaúrgang. Bent er á að það geti verið ruglandi fyrir neytendur að átta sig á muninum á drykkjarvöruumbúðum sem bera skilagjald og þeim sem bera úrvinnslugjald og að þessi munur þurfi að vera skýr í grænbók. Þá er bent á að útfærsla þrepaskiptingar á úrvinnslugjaldi sé flókin og rúmist ekki innan álagningarinnar eins og hún er framkvæmd í dag með innheimtu úrvinnslugjalda hjá Skattinum eftir tollskrárnúmerum. Að lokum bendir sjóðurinn á nokkur atriði varðandi tölfærði um plastumbúðir og plastburðarpoka; ólíkt öðrum löndum eru tölur um heyrúlluplastnotkun inn í tölfærði um plastumbúðir á hvern íbúa á ári, árin 2020-2022 voru óvenjuleg fyrir nokkurra hluta sakir og sýna að mati sjóðsins óvenju mikinn vöxt í notkun plastumbúða og að endingu er bent á að laga þurfi tölfærði um notkun einnota plastburðarpoka á bls. 43.

Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu benda á mikilvægi þess að áherslur í matarsóunaraðgerðum endurspegli þá geira þar sem sóunin er hvað mest. Dreifing og smásala standi einungis undir 3% matarsóunar hér á landi. Ítrekað er mikilvægi þess að samráð sé haft við haghafa ef breyta á úrvinnslugjaldi. Varast ber að ganga lengra í kröfum gagnvart atvinnulífinu á Íslandi en í nágrannalöndum, sé ekki að því gætt geti það komið niður á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og valdið verðhækkunum til neytenda.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði telja grænbókina endurspegla ágætlega þær áskoranir sem uppi eru í þeirri vegferð að minnka úrgangsmyndun. Varðandi árangursvísa fyrir kjötframleiðslu benda samtökin á að réttast væri að líta til hlutfalls úrgangs af heildarþyngd sláturgripa í stað hlutfalls sláturúrgangs af heildarkjötframleiðslu. Bent er á að hafa þurfi samráð við móttökuaðila sláturúrgangs varðandi frekari lausnir um betri nýtingu ferla. Þá benda samtökin á mikilvægi þeirra breytinga sem gerðar voru á búvörulögum í mars 2024 þegar kjötafurðastöðvum var veitt heimild til að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara, að undangengnum ákveðnum skilyrðum. Með þeirri heimild gefst tækifæri til að ná fram aukinni stærðarhagkvæmni í kjötframleiðslu, betri nýtingu hráefna og þannig minni úrgangsmyndun. Þessu til viðbótar benda samtökin á undanþágureglu fyrir bændur og fyrirtæki þeirra sem Evrópusambandið samþykkti nýlega (grein 210a í reglugerð ESB nr. 1308/2013 um sameiginlegan markað með landbúnaðarvörur) sem rétt væri að skoða fyrir íslenskan landbúnað, bæði til að rétta samkeppnisstöðu gagnvart innfluttum matvælum sem og til að gera fyrirtækjum auðveldara fyrir að ná fram markmiðum um minnkun úrgangsmyndunar.

Samtök iðnaðarins fagna uppfærslu á almennri stefnu um úrgangsforvarnir. Samtökin taka undir sjónarmið Samtaka álframleiðenda á Íslandi um að tillaga að aðgerð sem snýr að því að laða hingað fyrirtæki sem endurvinna ál og/eða aðrar málmafurðir í stað þess að frumframleiða ál (bls. 23), eigi ekki erindi í aðgerðaáætlun við stefnu um úrgangsforvarnir. Þá óska samtökin eftir nánari skýringu á aðgerðartillögu 4 fyrir framleiðslufyrirtæki í sama kafla sem kveður á um að setja eigi skýrari kröfur í starfsleyfi stórra fyrirtækja um leiðir til að draga úr myndun úrgangs. Hvað matvæli og matvælaöryggi varðar benda samtökin á að gæta verði vandlega að innleiðingu aðgerða, t.a.m. hvað varðar tækninýjungar og nýjar lausnir í úrgangsmálum, bæði hvað varðar aðlögunartíma og kostnað, svo þær hafi ekki neikvæð áhrif og vinni að endingu gegn markmiðum með úrgangsforvörnum. Mikilvægt sé að eftirlit sé styðjandi í átt að nýjungum fremur en neikvæðar kvaðir sem draga úr hvötum. Áhættumiðaðar aðferðir við matvælaeftirlit, sem komið er inn á í stöðumatinu, komi til með að gera eftirlit markvissara og hægt er að beina aðgerðum að þeim þáttum sem mestu máli skipta, að mati samtakanna. Skýrleiki reglna og regluverks var nefnt sem grundvallaratriði við mótun úrgangsforvarna. Hvað byggingariðnað varðar nefna samtökin að traust og sátt ríki um þær aðgerðir sem innleiddar hafa verið í gegnum Byggjum grænni framtíð og eru í endurskoðun um þessar mundir. Þær hindranir sem standi framförum fyrir þrifum í byggingariðnaði þegar kemur að umhverfisáhrifum séu m.a. skortur á fjárhagslegum hvötum til að fara í breytingar og sömuleiðis skortur á langtímasýn og samræmingu verkkaupa og stjórnvalda hvað varðar umhverfiskröfur. Það er mat samtakanna að ákall sé um fyrirsjáanleika og benda samtökin einnig á að samræming umhverfisskilmála í opinberum útboðum séu forsenda þess að markaðurinn geti sett fram áreiðanlegar áætlanir og byggt upp þekkingu starfsfólks með vissu um að hún muni nýtast til lengri tíma. Að lokum leggja samtökin

áherslu á að uppfærðar aðgerðir í úrgangsforvörnum verði unnar í samráði við hagaðila og að kröfur til íslenskra iðnfyrirtækja gangi ekki lengra en EES gerðir kveða á um. Samtökin leggja enn fremur áherslu á að stjórnvöld efli samkeppnishæfni með því að nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnumarkmiðum í uppfærði stefnu í úrgangsforvörnum.

Bændasamtök Íslands segja mikil tækifæri felast í frekari nýtingu hliðarafurða og annarra lífrænna strauma og endurvinnslu í landbúnaði til að minnka kolefnisspor og draga úr sóun. Í þessu sambandi eru nefnd tvö verkefni sem samtökin hafa haft beina aðkomu að. Annað er verkefnið Terraforming LIFE sem snýr að því að nýta betur og auka samhliða verðmæti laxaseyru og búfjáráburðar. Hitt verkefnið snýr að söfnun og endurvinnslu rúlluplasts. Innlend lausn hefur verið þróuð til að endurnýta rúlluplastið bæði aftur sem rúlluplast og einnig sem girðingastaura. Þrátt fyrir þetta telja samtökin skorta jákvæða hvata af hálfu stjórnvalda til hagnýtingar þessara afurða.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur er jákvætt fyrir endurskoðun stefnu um úrgangsforvarnir. Dregin eru fram þrjú lykilatriði í umsögninni; auka þurfi samráð við sveitarfélög við mótun nýrrar stefnu, breytingar á úrvinnslugjaldi í átt til aukinnar þrepaskiptingar og möguleikanum á að fella fleiri úrgangsflokka undir gjaldið og skoðun á því hvernig ná megir betur markmiðum fyrir einstaka úrgangsflokka sem sett voru í fyrri stefnu, t.a.m. drykkjarvöruumbúðir og textíl. Að auki við þessi lykilatriði eru settar fram athugasemdir við tiltekna kafla; lagt er til að fulltrúar sveitarfélaga og almennings fái sæti í Akkeri, bent er á að aðeins er fjallað um fjárframlög ríkisins en ekki sveitarfélaga, Úrvinnslusjóðs og Endurvinnslunnar í kafla um þróun fjárheimilda, áhersla er lögð á að gerð verði gangskör í að bæta samræmingu á skráningu á uppruna, magni, gerð og ráðstöfun úrgangs fyrir þá aðila sem taka við og meðhöndla úrgang og lagt er til að hugað verði sérstaklega að niðurstöðum rannsóknar SORPU bs. á þeim úrgangsflokkum sem rata í óflokkað heimilissorp þegar úrgangsflokkar í forgangi eru ákveðnir. Auk þess er bent á margvísleg hagræn stjórnþæki önnur en niðurfellingu vsk sem hægt er beita til að efla viðgerðir og viðgerðarþjónustu; t.a.m. með styrkjum til náms í greinum sem snúa að viðgerðum s.s. skósmíði og fatasaumi, með beinum styrkjum til íbúa sem nýta sér slíka þjónustu og með styrkjum við að koma á fót slíkri þjónustu. Tekið er undir þau tækifæri sem felast í innkaupum hins opinbera og bent á að slík tækifæri séu einnig til staðar þegar kemur að opinberum innkaupum sveitarfélaga. Í umfjöllun um árangursvísa er bent á að endurskoða þurfi mælikvarða fyrir textíl eða þá útreikninga sem þar liggja að baki og sem lykilviðfangsefni til næstu ára og lagt er til að kannað verði til hlítar hvort þau kerfi sem við styðjumst við í dag styðji nægilega vel við úrgangsforvarnir og hlutverk ólíkra aðila, t.a.m. Úrvinnslusjóðs, Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga. Undir kaflanum Áherslur og valkostir er lagt til að farið verði í dýpri greiningu á hvað í núverandi framkvæmd gengur vel og hvað það er sem virkar ekki eða illa. Sömuleiðis hvaða stuðningur er til staðar í dag við nýsköpunar- og sprotaverkefni sem styðja við eflingu úrgangsforvarna. Bent er á Fríbúðina í Gerðubergi sem Reykjavík hafði frumkvæði af og gengur vel. Að endingu er dregið fram að framkvæmd endurgreiðslu vegna skilagjaldsskyldra umbúða hér á landi er ekki jafn aðgengileg og í nágrannalöndum auk þess sem núverandi fyrirkomulag skilagjaldsskyldra umbúða getur reynst ruglandi þar sem ekki allar umbúðir (t.a.m. af jóгурdrykkjum) bera skilagjald.

Nánar má fræðast um einstakar umsagnir á Samráðsgátt stjórnvalda þar sem þær eru birtar í fullri lengd: <https://island.is/samradsgatt/mal/3880>